


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	ÍSL 203 Kennsluáætlun vorönn 2015	

Kennari	Ásbjörg Benediktsdóttir, Þórdís H. Jónsdóttir	Sk.st.	ÁBE, ÞHJ
----------------	---	---------------	----------

Áfangalýsing: Í áfanganum læra nemendur að vinna starfsumsókn og ferilskrá. Þá fá nemendur kynningu og þjálfun í meðferð heimilda og gera bæði verkefni og ritgerð sem byggir á heimildavinnu. Einnig verður lesin norræn goðafræði og nemendur kynnast hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Ein nýleg skáldsaga lesin og unnin verkefni úr henni. Loks verður fjallað um mál og málsögu frá frumnorrænum tíma til okkar daga.

Markmið:

Að nemandi:

- geti skrifað formlega starfsumsókn, auk ferilskrár.
- þekki helstu atriði í sögu norrænnar goðafræði.
- æfist í meðferð tilvitnana, tilvísana og heimilda.
- geti skrifað heimildaritgerð.
- fái yfirsýn yfir sögu íslenskrar tungu frá upphafi til okkar daga.
- þekki helstu einkenni íslenskunnar og tengsl hennar við önnur tungumál.
- rifji upp helstu hugtök í bókmenntagreiningu og geti beitt þeim í ræðu og riti.

Námsgögn:

Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal 10. útgáfa (2010), útgefandi Mál og menning.

Íslensk málsaga eftir Sölva Sveinsson, 4. útgáfa (2000), útgefandi Mál og menning. Skáldsagan *Skugga-Baldur* eftir Sjón, útgáfa frá 2010, útgefandi Bjartur.

Einhver útgáfa *Gylfaginningar Snorra-Eddu*, t.d. netútgáfa Snerpu á <http://www.snerpa.is/net/snorri/gylf.htm>.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (1 vika) 6. jan. – 9. jan. Nám og störf


Handbók um ritun og frágang og efni frá kennara: HURF bls. 12, 19, 45-53, 114-115. Umfjöllun um nám og störf og mikilvægi þess að vandað sé til verka þegar kemur að ferilskrá og umsóknum um starf. Sérhver nemandi vinnur starfsumsókn og ferilskrá sem gildir **5% af lokaeinkunn**.

2. lota (2 vikur) 12. jan. – 23. jan. Vinna með heimildir

Handbók um ritun og frágang: bls. 23—27, 38-41, 67-93, 120-122. Farið verður yfir aðferðir við meðferð og frágang heimilda og gerð heimildaskrár. Nemendur vinna stutt heimildaverkefni sem tengist efni heimildaritgerðar þeirra sem unnin er í næstu lotu. **Verkefnið er samvinnuverkefni og gildir 5% af lokaeinkunn.**

3. lota (4 vikur) 26. jan. – 20. feb. Heimildaritgerð

Handbók um ritun og frágang: bls. 13, 15, 23-27, 28-41, 67-93, 118-128, 132. Áfram verður unnið með heimildaverkefni annarrar lotu og efni þess vikkað út og unnið með ítarlegri hætti. **Ritgerðin er einstaklingsverkefni og gildir 20% af lokaeinkunn.**

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	ÍSL 203	Kennsluáætlun vorönn 2015

4. lota (2 vikur) 23. feb. – 6. mars Skáldsaga

Skugga-Baldur: Sagan lesin og rædd. **Lotunni lýkur með tímaverkefni sem gildir 10% af lokaeinkunn.** Leyfileg hjálpargögn eru: Skáldsagan Skugga-Baldur og glærur með bókmenntahugtökum (Moodle). **Efni lotunnar er til lokaprófs.**

5. lota (4 vikur) 9. mars – 10. apríl Norræn goðafræði (NB páskafrí kemur inn hér)

Gylfaginning Snorra-Eddu, ýmsar útgáfur. Farið verður yfir helstu þætti norrænnar goðafræði, um upphaf heimsins og lok hans, skv. norrænni trú og fjallað um helstu goð og vætti. Ýmis verkefni unnin. Nemendur vinna tvö hópverkefni, 2-3 saman, í þessari lotu. Annars vegar er um að ræða **fyrirlestur** sem nemendur vinna og flytja og gildir **10%** af lokaeinkunn. Hins vegar er um að ræða **skapandi verkefni** sem gildir **5%** af lokaeinkunn. **Efni lotunnar er til lokaprófs.**

6. lota (3 vikur) 13. apríl – 30. apríl Íslensk málsaga

Íslensk málsaga: bls. 9-75, 82-85, 101-118, 126-137. Farið verður yfir sögu og einkenni íslensks máls og skyldleika við önnur tungumál. **Nemendur vinna 2-3 saman verkefni tengt efni lotunnar sem gildir 5% af lokaeinkunn. Efni lotunnar er til lokaprófs.**

Námsmat og vægi námsþátta

Starfsumsókn og ferilskrá	5%	einstaklingsverkefni
Heimildaverkefni	5%	samvinnuverkefni
Heimildaritgerð	20%	einstaklingsverkefni
Verkefni úr <i>Skugga-Baldri</i>	10%	einstaklingsverkefni
Verkefni í goðafræði	15%	hópverkefni
Verkefni í málsögu	5%	hópverkefni
Lokapróf (efni 4., 5. og 6. lotu)	40%	

Áhersla er lögð á að nemendur skili öllum verkefnum en áfanga telst ekki lokið nema nemandi skili a.m.k. heimildaritgerð og taki lokapróf.

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara. einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf/matsdag.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils